

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Mánudaginn 2. febrúar, 2009 - Innlendar fréttir

## Mannvit hyggur á aukna útrás

**\*Erlend verkefni á árinu skapa um 40 störf \*Miklir möguleikar í jarðhitanýtingu í S-Ameríku og Bandaríkjunum \*Tóku yfir verkefni Glitnis á Indlandi \*Jarðboranir að hefjast í Ungverjalandi**



Útrás Sigurður St. Arnalds, stjórnarformaður Mannvits, Eyjólfur Árni Rafnsson forstjóri og Runólfur Maack aðstoðarforstjóri telja mikla möguleika vera á verkefnum erlendis í uppbyggingu jarðgufu- og vatnsaflsvirkjana.

[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]



Eftir Björn Jóhann Björnsson [bjb@mbl](mailto:bjb@mbl).

Eftir Björn Jóhann Björnsson

[bjb@mbl](mailto:bjb@mbl)

Verkfræði- og ráðgjafarfirmar Mannvit hefur líkt og mörg önnur sambærileg fyrirtæki hér á landi þurft að draga saman seglin eftir að skórin tók að kreppa í efnahag þjóðarinnar og minna varð úr framkvæmdum í orku- og stóriðjuverkefnum. Fyrirtækið varð að fækka mannskapnum um 10% og nú starfa hjá Mannviti um 360 manns.

Vegna stöðunnar hér á landi hefur sókn í erlend verkefni verið hert og eru fjölmörg slík í deigluinni. Að sögn Eyjólfss Árna Rafnssonar, forstjóra Mannvits, má reikna með að á þessu ári muni um 40 manns eingöngu starfa við erlend verkefni auk fjölda annarra starfsmanna hér á landi sem koma að þeim verkum með einum eða öðrum hætti. „Með því að sækja okkur aukin verkefni erlendis erum við að reyna að halda í störf okkar fólks og vonandi getum við fjölgað fólki aftur á næstu árum,“ segir Eyjólfur Árni.

Áhersla er lögð á verkfræðiráðgjöf og hönnun við jarðhita- og vatnsaflsvirkjanir í Mið-Evrópu, Bandaríkjunum, Indlandi og Suður-Ameríku en þeir Mannvitsmenn telja gríðarlega möguleika framundan í síðasttalda heimshlutanum. Nú þegar er fyrirtækið komið í verkefni í Chile og Argentínu, bæði í vatnsafl og jarðhita. Þeir fá fyrirsurnir nánast daglega víða að úr heiminum en áherslan verður eftir sem áður á fyrirnefnd svæði. „Þeir eru víða, lukkuriddararnir,“ segir Sigurður St. Arnalds stjórnarformaður og kímur.

### Byrjaði í Ungverjalandi

Útrásin hófst fyrir alvöru í Ungverjalandi, ef svo má segja. Í bráðum tvö ár hefur verið unnið að jarðhitanýtingu þar í landi í samvinnu við heimamenn og í október sl. var opnuð skrifstofa í Búdapest, í eigu dótturfélags Mannvits. Þar eru nú 12 starfsmenn, þar af einn Íslendingur, og líkur á að þeim fjölgi á næstunni. Jarðboranir fara senn að hefjast á tveimur stöðum í suðvesturhluta Ungverjalands fyrir einkafyrirtækið PannErgy.

Frá Ungverjalandi liggur leiðin til Slóvakíu. Þar er Mannvit að ganga frá samningum við fyrirtæki um hönnun á jarðhitavirkjun við borgina Kosice í austurhluta landsins. Fleiri verkefni gætu verið í burðarliðnum í Slóvakíu sem Mannvitsmenn vilja ekki upplýsa um að svo stöddu.

Sigurður segir að hækkun á gasverði hafi ýtt undir áhuga ríkjanna í Mið-Evrópu á að nýta eigin orkulindir. Þó að byrjað verði á tveimur stöðum sé útlit fyrir að boraðar verði fleiri holur. Stefna heimamenn að því að hitaveituvæða allt að 30 bæi en þeir gætu orðið fleiri í framtíðinni.

Bendir Sigurður á að Ungverjar hafi líka lent í efnahagshremmingum en það hafi ekki valdið töfum á þessu verkefni. Undir það taka Eyjólfur Rafn og Runólfur Maack, aðstoðarforstjóri Mannvits, sem heldur utan um erlendu starfsemina.

„Græn orkuverkefni í heiminum, hvort sem það er vegna jarðhita eða vatnsafls, eru eftirsótt af fjárfestum og bönkum. Þeir sem eiga peninga hafa sett þetta framarlega í forgangs röðina,“ segir Runólfur.

Annars þarf Mannvit ekki að hugsa svo mikið um fjármögnun erlendra verkefna. Fyrirtækið kemur fyrst og fremst með verkunnáttuna og reynsluna í hönnun mannvirkja og rannsóknum á sviði jarðvísinda. Þó að starfsmenn Mannvits þurfi í einhverjum tilvikum að starfa erlendis eru langflest verkefnið unnin héðan. Eyjólfur Árni segir það vel vera hægt í um 95% tilvika.

Mannvit hefur unnið að jarðhitaverkefnum í suðurhluta Þýskalands, í Bæjaralandi, í samstarfi við Exorku, dótturfélag Geysis Green Energy, sem upphaflega varð til á Húsavík við þróun á svonefndri kalina-tækni. Gengur sú tækni út á nýtingu jarðhita til rafmagnsframleiðslu á lághitasvæðum. Mannvit hefur samið um hönnun og uppsetningu á fjórum raforkustöðvum með kalina-tækni.

Þetta er ekki eina starfsemin í Þýskalandi. Mannvit á þriðjungshlut í verkfræðistofunni GTN í Neubrandenburg, skammt frá Berlín, sem sérhæfir sig í jarðhitavísindum. Þar starfa um 25 manns en að sögn Sigurðar stendur til að auka eignarhlutinn. Tilgangurinn er augljós; að auka möguleika Mannvits á að fá verkefni í Evrópu og greiðari aðgang að styrkjakerfi ESB.

Sunnar í Evrópu er Mannvit að störfum á grísku eyjunni Milos. Fyrirtækið bauð lægst í að rannsaka og undirbúa þar háhitavirkjun. Starfsemin í Evrópu er ekki upptalin því í Bretlandi er starfandi lítið fyrirtæki í Cambrigde á vegum dótturfélags Mannvits, Vatnaskil LWRC, sem sérhæfir sig í vatnsforðavísindum og þjónustar breskar vatnsveitur og orkufyrirtæki.

## Indland og S-Ameríka

Austar á jarðkringlunni er Mannvit á tveimur stöðum á Indlandi við forkönnun á jarðhitavirkjunum, annars vegar í Tatapani í miðhluta Indlands og hins vegar norðar í landinu, í héraðinu Puga, þar sem verið er að hanna 25-35 MW háhitavirkjun í samstarfi við indverska fyrirtækið LNJ Bilhvara. Bæði þessi verkefni urðu til að frumkvæði Glitnis á sínum tíma en við hrun bankans í haust tók Mannvit verkið yfir og réð til sín starfsmenn sem áður voru á vegum bankans.

Eyjólfur Árni bendir á að þýska samstarfsfyrirtækið hafi sterk tengsl við jarðhitaverkefni í S-Ameríku og þar sér Mannvit fram á aukin verkefni á næstu árum, ekki síst í Chile þar sem gríðarlegar vatns- og jarðhitaauðlindir eru óbeislaðar.

Að sögn Runólfs hefur verið metið að Chile geti á næstu árum unnið um 18.000 MW úr jarðhita. Uppboð á vinnsluleyfum eru að hefjast en ótengt þessu samstarfi við Þjóðverjana kemur Mannvit einnig að gerð 25 MW vatnsaflsvirkjunar í Chile.

Við hlið Chile liggur Argentína en þar var fyrirtækið að ganga frá samningi um hagkvæmniathugun á allt að 100MW jarðgufuvirkjun á Copahue-svæðinu við mið landamærin.

## Kárahnjúkar aðgöngumiði

Ekki aðeins Suður-Ameríka heillar heldur einnig Bandaríkin. Þar er Mannvit í raforkuverkefni í Montana en til greina kemur að afla fleiri verka í miðvesturríkjunum, þar sem fyrir eru mikil jarðhitasvæði. Verkefnið í Bandaríkjunum voru einnig unnin í fyrstu hjá Glitni en fyrrverandi starfsmenn bankans hafa tekið þau verkefni yfir.

„Við erum með fleiri verkefni í burðarliðnum sem við getum ekki sagt frá. Víða erum við í tengslum við stór alþjóðleg fyrirtæki í tilboðsgerð og gjarnan í samvinnu við íslensk fyrirtæki í sama geira,“ segir Sigurður og nefnir þar einkum Verkís, ÍSOR og LV Power, dótturfélag Landsvirkjunar. Verkís varð til í nóvember sl. með samruna VST-Rafteikningar, Fjarhitunar, Fjölhönnunar og RT-Rafagnatækni.

Sigurður segir að íslensk fyrirtæki séu of lítil til að ráðast í stórar og meðalstórar vatnsaflsvirkjarnir erlendis, enda hafi samstarf verið haft uppi við flest verkefni af því tagi hér á

landi, sbr. Kárahnjúkavirkjun.

„Á erlendum samkeppnismarkaði þurfa íslensku fyrirtækin að taka höndum saman, í samstarfi við erlenda aðila líkt og við höfum gert. Kárahnjúkavirkjun vakti verulega athygli þar sem hún er tæknilega flókin en vel unnin. Hún getur verið aðgöngumiði inn í verkefni erlendis, áður en fennir í þau spor,“ segir Sigurður.

### **Gott orðspor**

Þeir félagar eru að endingu sammála um að sókn Mannvits og annarra íslenskra verkfræðifyrirtækja á erlenda markaði væri ekki möguleg ef ekki hefði komið til sú orku- og iðnaðaruppbygging sem hefði verið á Íslandi á síðustu 15 árum. Reynsla af þeim verkefnum og þekking væri nú orðin að eftirsóttri söluvöru erlendis. Orðspor íslenskra fyrirtækja á þessu sviði er því gott.

Benda þeir á að þegar uppbyggingin var hvað mest hér á landi hafi á sama tíma lítill þróun átt sér stað annars staðar í heiminum í nýtingu jarðhita. Íslensk fyrirtæki njóti nú góðs af því.

„Framsýni íslenskra stjórnvalda og orkufyrirtækja hefur svo sannarlega skilað sér,“ segir forstjórinn og undir það taka aðstoðarforstjórinn og stjórnarformaðurinn, útrásarvíkingar sem ekki hafa lagt árar í bát þótt aðrir hafi siglt annars konar fleyjum í strand.

### **Í hnotskurn**

» Mannvit byggir á grunni þriggja verkfræðistofa sem stofnaðar voru á sjöunda áratug síðustu aldar: Hönnunar (1963), Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns (1963) og Rafhönnunar (1969).

» Tvö fyrstnefndu fyrirtækin sameinuðust í VGK-Rafhönnun árið 2007.

» Hjá Mannviti starfa um 360 manns. Starfsstöðvar hér á landi eru níu talsins, utan Reykjavíkur. Nýjar höfuðstöðvar eru í byggingu.

Slóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1267203](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1267203)

Skoðað: 2009-02-02 17:02

© mbl.is/Árvakur hf